Nýtt orgel til
Stokkseyrarkirkju.



6 bls. dags. 26.og 27. og 28.júní 1942.

Fyrir atbeina Páls Guðjónssonar bifreiðastjóra í Stokkseyri og fleiri vina hans hér og eystra var vandað Orgel-Harmonium fengið til Stokkseyrar-kirkju síðastl. sumar og afhent söfnuði hennar og söngstjóra, Gísla Pálssyni bónda í Hoftúni, sem verið hefir organisti kirkjunnar síðastl. 33 ár og nú er 75 ára í dag. Gísli mun áður hafa stofnað Sönglistar-sjóð Stokkseyrarkirkju og nú hefir Páll Guðjónsson fengið honum kr 1200.- krónur til aukningar þeim sjóði, en það var afgangurinn af orgelsamskot-unum í sumar, sem alls munu hafa numið hátt á 3. þús. krónur.

Páll Ísólfsson „vígði" orgelið 28. júní í sumar og Jón Pálsson, flutti þá stutt erindi eða yfirlit söguágrip sönglistarinnar þar eystra, í Eyrarbakka og Stokkseyri frá því fyrsta að orgel var fengið í Stokkseyrarkirkju 4. júní 1876, en bróðir hans, Bjarni Pálsson í Götu, þá aðeins 18 ára að aldri hóf hina miklu starfsemi sína í þarfir sönglistarinnar þar eystra og annara menningarmála, svo sem bindindi, leikstarfsemi og annara góðra félagsmála. Hafa þeir bræður hver eftir annan og í óslitinni röð verið organistar við Stokkseyrarkirkju um 67 ára skeið, en alls mun starfstími þeirra í þessu efni vera nokkru meiri séu starfsár þeirra öll samanlögð, því einn þessara 4 bræðra, t.d. Jón Pálsson, var samtímis organisti á Eyrarbakka í 12 ár og þar í Reykjavík rúm 20 ár, og verður því eigi annað sagt, en að þeir hafi allir og að samanlögðu unnið sönglist landsins mikið gagn og ómetanlega gott.

Þegar orgelið í Stokkseyri var vígt síðastl. sumar, eins og áður segir, messaði sóknarpresturinn, séra Gísli Skúlason í kirkjunni þann dag og mun það hafa verið síðasta messugjörð hans þar, því hann andaðist rúmum 1½ mánuði síðar, tregaður mjög af sóknarbörnum sínum og öllum þeim er honum höfðu kynnst, enda hafði

hann þjónað því kalli um 26 ára skeið.
Því hefir löngum verið viðbrugðið hversu allt félagslíf og þó einkum söng-
líf manna þar eystra hafi verið gott og [illegible]. Má með sanni nefna
helztu orsakir allar og tildrög þessa til höfðingshjónanna á Eyrarbakka, þeirra
Guðm. Thorgrímsen, konu hans og dætra, einkum frú Eugeníu, konu P. Nielsens.
og eimir nokkuð eftir þar enn í þessu efni, þótt langt sé upphafsins að leita.
Kirkjusókn var þar ávallt góð og prestarnir hver fram af öðrum hinir á-
gætustu klerkar og kennimenn.

Hvernig er þessu annars nú varið í landi voru? Eru prestarnir jafn ár-
vakrir í störfum sínum sem áður var, eða finnast nú margir ein-[illegible] menn,
sem eru jafnáhugasamir um þessi mál nú sem áður? Skyldi það vera, að í-
þrótta- og ungmennafélögin og meðlimir þeirra keppist mjög um að setja met
á met ofan í þessum efnum? Eða eru það skólapiltar, embættismenn og dans-
meyjar þjóðarinnar, sem nú gefa sig meira að þessum málum en nokkrum
öðrum þjóðinni til velfarnaðar, vegs og virðingar? Segi þeir sjálfir til og einnig
um það, hvort velferð þeirra og annara landsins barna, [illegible] borgnara nú en áður var.
Hvert er annars för hinna ungu manna heitið nú á tímum? Er leiðtogum þeirra að
fallið eða um þeirra hafnir? Hvar er samheldni þjóðarinnar að finna nú, eða ekki
hennar og íslenzkar mætti að sjá og reyna? Lítið til Alþingis, íþrótta- og ungmennafélag-
anna til ungmeyjanna í Borgarsalnum og um leið til hinnar ísl. kirkju. Þar er
svarið, en það er ekki að finna innan veggja steinhúsanna með járngrindunum fyrir
öllum gluggum; það er að finna í heimilislífi manna og þá einkum í sveitunum

Þar sem sóknarnefnd Stokkseyrarkirkju hefir borizt tilbod um þad, frá hr. Páli Gudjónssyni bifreidastjóra og fleiri manna, ad kirkjan fái ad gjöf gott og vandad orgel í kirkjuna, er verdi hennar eign, en orgel þad, sem í kirkjunni hefir verid ad undanförnu verdi af hendi látid ádurnefndan hr. Pál Gudjónsson og þá félaga hans í þessu máli og lagt undir yfirrád hans og þeirra ad öllu leyti og án afskifta nefndarinnar, svo og, ad andvirdi þess og væntanlegur afgangur af fjársöfnun þeirri, er þeir gangast fyrir til hins væntanlega orgels, verdi látid ganga til Söng-listarsjód Stokkseyrarkirkju, — Þá lýsum vér því hér med yfir, fyrir sóknarnefndarinnar hönd, ad vér erum í einu og öllu tilhögun þessari og rádstöfun samþykkir og jafnframt þakklátir gefendunum fyrir allt þad, er þeir hafa gjört og gjöra kirkjunni í þessum efnum, enda er þegar fengid leyfi hæstvirtrar yfir-kirkjustjórnar til þessa og því, er gjört verdur samkvæmt ofanritudu.

Þessu til samþykkis og stadfestu ritum vér nöfn vor hér undir:

Stokkseyri 26. júní 1942.

Sóknarnefnd Stokkseyrarkirkju:

Með því að sóknarnefnd Stokkseyrarkirkju hefir borist tilboð um það, frá hr. Páli Guðjónssyni bifreiðarstjóra og fleiri mönnum, að Stokkseyrarkirkja fái að gjöf gott og vandað Orgel-Harmonium, er verði hennar eign, en að hljóðfæri það, sem í kirkjunni hefir verið að undanförnu, fái hr. Páll Guðjónsson og félagar hans um þetta mál til sinna umráða og án frekari afskifta eða íhlutunar sóknarnefndarinnar um það, svo og, að andvirði þess og væntanlegur afgangur af fjársöfnun þeirri, er þeir félagar gangast fyrir, til kaupa hins væntanlega hljóðfæris, er þeir ætla að gefa kirkjunni, verði látið renna inn í Sönglistarsjóð Stokkseyrarkirkju –, Þá lýsum vér því hér með yfir, fyrir sóknarnefndarinnar hönd, að vér erum í einu og öllu tilhögun þessari og ráðstöfun samþykkir, þakklátir gefendunum fyrir þessa velkomnu og fögru gjöf, enda er þegar fengið leyfi hæstvirtrar yfir-kirkjustjórnar landsins til þess, er um getur hér að ofan.

Þessu til samþykkis og staðfestu ritum vér nöfn vor hér undir.

Sóknarnefnd Stokkseyrarkirkju:

Stokkseyri, 27. júní 1942.

Þar sem sóknarnefnd Stokkseyrarkirkju hefir borist tilboð um það,
frá hr. Páli Guðjónssyni bifreiðarstjóra og fleiri mönnum, að kirkjan
fái að gjöf gott og vandað orgel í kirkjuna er verði hennar eign,
en orgel það, sem í kirkjunni hefir verið verði afhendi látið
við nefndan Pál Guðjónsson og undir yfirráð hans að öllu leyti en
að andvirði þess og væntanlegur afgangur af fjársöfnun til hins
væntanlega orgels verði látið ganga til Sönglistarsjóð kirkjunnar,
þá lýsum vér því hér með yfir fyrir sóknarnefndarinnar hönd
að vér erum ráðstöfun þessari í einu og öllu samþykkir, enda
er þegar fengið leyfi hæstvirtrar kirkjustjórnar til þessa.

Stokkseyri 28. júní 1947

Í sóknarnefnd Stokkseyrarkirkju: